

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Austurbakki 2, reitir 1, 2 og 11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs þann 1. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna reita nr. 1, 2 og 11 við Austurbakka 2. Breytingin gengur út á að auka leyfilegt byggingarmagni neðanjarðar á reit 1 og 2. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hesthals 12.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 12 við Hesthals. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til norðurs um 7 metra á 21 metra löngum kafla frá norðvesturhorni byggingarreits í átt að lóðarmörkum Hesthals 10. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 27. febrúar 2017.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2017